A1234-112















# Álfsnes
## Tillögur til staðfestingar

Reykjavíkurborg BJÖRGUN alta

Skipulags- og samgönguráð - 1. apríl 2020 / Hrafnhildur

# Forsaga og tímalína


Svæðisskipulag
Aðalskipulag
Umhverfisskýrsla
Deiliskipulag
Umhverfismat
framkvæmdar

# Forsaga

F
o
r
s
a
g
a

Samkomulag milli Faxaflóahafna og Björgunar um að fyrirtækið losi svæðið fyrir 31. maí 2019

2016 október: Umhverfis – og skipulagssvið óskar eftir kostamati vegna staðsetningar : öll möguleg umhverfisáhrif skoðuð áður en heimilt verði að halda áfram með verkefnið.

2017 september. Kostamat í skipulagsráði Reykjavíkur. Álfsnesvík besti kosturinn.

2017 desember – 2018 mars. Skipulagslýsingar í kynningu fyrir svæðis-, aðal- og deiliskipulag.

2018 ágúst – september. Vinnslutillögur fyrir svæðis- og aðalskipulag, og drög að tillögu að matsáætlun í kynningu.

# Forsaga frh.

F
o
r
s
a
g
a

2018 desember: Tillaga að matsáætlun send Skipulagsstofnun.

2019 febrúar: Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun.

2019 júní. Frummatsskýrslu skilað til Skipulagsstofnunar.

2019 júní. Skipulagstillögur tilbúnar í auglýsingu.

2019 ágúst. Heimild frá Skipulagstofnun til að auglýsa frummatsskýrslu.

2019 ágúst. Skipulagstillögur og frummatsskýrsla auglýstar


Skipulag, tímalína
2019
2020
ágúst
…
október
nóvember
desember
mars
apríl
…
Tillögur í auglýsingu 6 v
Athugasemdir yfirfarnar
Svæðisskipulag í sv.sk.nefnd
Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag í skipulagsráði
Staðfesting í B deild
Frummatsskýrsla í kynningu
Athugasemdum svarað og matsskýrsla fullunnin
Matsskýrsla í yfirlestri Skipulagsstofnunar
Matsskýrsla til Skipulagsstofnunar
Álit Skipulagsstofnunar
Umhverfismat framkvæmdar, tímalína

# Umsagnir við auglýstar tillögur

Umsagnir



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur

Reykjavík, 1. april 2020

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna nýs iðnaðarsvæðis í Álfsnesvík. Tillaga að deiliskipulagi nýs iðnaðarsvæðis í Álfsnesvík Umsögn um athugasemdir og afgreiðsla.**

*Samþykkt skipulagstillagna, ásamt umhverfismati, að lokinni auglýsingu, skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.* ***Vísað til borgarráðs til lokaafgreiðslu.***

Hér að neðan má finna viðbrögð og svör við framkomnum athugasemdum, unnin af *ALTA skipulagsráðgjöfum*, sem héldu utan um vinnunna á öllum stigum.

### Svör við athugasemdum og umsögnum

Hér fyrir neðan eru svör við athugasemdum sem fram komu á auglýsingartíma vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Álfsnesvík. Þessar breytingar voru auglýstar á sama tíma og breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og frummatsskýrsla vegna umhverfismats framkvæmdarinnar. Innkomnar athugasemdir beinast því mismikið að hverri skipulagsáætlun fyrir sig. Kynningartími skipulagstillagnanna var frá 30. ágúst 2019 til 11. október 2019.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu efnisatriðum umsagna og athugasemda sem bárust vegna auglýstra skipulagstillagna og viðbrögðum við þeim.

1. Bláskógabyggð 05.09.2019
2. Garðabær 23.09.2019
3. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur 19. 09.2019 og 10.10.2019
4. Minjastofnun Íslands 11.10.2019
5. Mosfellsbær 07.10.2019
6. Skipulagsstofnun 18.09.2019
7. Veðurstofan 10.10.2019
8. Vegagerðin 24.10.2019
9. Veitur 11.10.2019

Sá hluti umsagna sem barst vegna frummatsskýrslu er til umfjöllunar í matsskýrslu vegna framkvæmdarinnar. Þær umsagnir eru birtar hér til upplýsingar en þær eru fengnar úr matsskýrslu framkvæmdarinnar sem er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.[1]

10. Fiskistofa 25.09.2019
11. Hafrannsóknarstofnun 08.10 og 15.10.2019
12. Kayak klúbburinn 10.10.2019
13. Náttúrufræðistofnun 24.09.2019
14. Samgöngustofa 25.09.2019
15. Skipulagsstofnun 05.11.2019 og 18.09.2019
16. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur 05.09.2019
17. Umhverfisstofnun 10.10.2019

[1] Sjá upplýsingar í gagnagrunni umhverfismats um landfyllingu og höfn fyrir efnisvinnslu Björgunar á Álfsnesi https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1009#alit.

# Umsagnir við skipulagstillögur

1. Bláskógabyggð
2. Garðabær
3. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
4. Minjastofnun Íslands
5. Mosfellsbær
6. Skipulagsstofnun 9
7. Veðurstofan
8. Vegagerðin
9. Veitur

Umsagnaraðilar

# Hávaði

*Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur*
*Mosfellsbær*
*Umhverfisstofnun*

*Áhyggjur af hávaða frá umferð og starfsemi í íbúðarhverfum í Mosfellsbæ, Esjuhlíðum, Víðinesi og víðar*

- Viðbótar hljóðvistarútreikningar til að leita svara við þeim spurningum sem Heilbrigðiseftirlitið setur fram. Niðurstöður þeirra gefa ekki tilefni til að "ætla að hávaði vegna efnisvinnslu í Álfsnesi sé yfir mörkum að neinu leyti.




**Upplýsingum bætt í umhverfisskýrslu um nýja hljóðvistarútreikninga**

# Fínefni og fok

## *Áhyggjur af rými í lónum til að taka við seti*

- Rýmd verður í lónum fyrir setsöfnun í 18 ár en Björgun mun leitast við að nýta efnið t.d. í landmótun, undirlag, fyllingar o.sv.fr.

## *Áhyggjur af foki*

- Fínefni mun safnast upp í lónum í stað þess að vera haugsett á landi, eins og var við Sævarhöfða. Sjávarfalla gætir í lónunum og efnið verður blautt og hægt að bleyta í ef þarf.




**Ítarlegri umfjöllun í umhverfisskýrslu um fok.**

Umsagnaraðilar



# Minjar

*Minjastofnun leggur til að áform verði endurskoðuð vegna óafturkræfra áhrifa á minjaheild bæjarstæðis við Glóru, kaupstað við Þerneyjarsund og bæjarstæði Sundakots*

- Breytingar hafa verið gerðar á skipulagstillögum á fyrri stigum til að koma til móts við umsagnir Minjastofnunar.







Tillaga á vinnslustigi




Auglýst tillaga

U
m
s
a
g
n
a
r
a
ð
i
l
a
r

# Minjar



*Minjastofnun*




- Á framkvæmdasvæðinu eru engar minjar tengdar Sundakoti, búðasvæði Þerneyjarhafnar, bæjarstæði Glóru eða fiskibyrgi. Framkvæmdasvæðið er á 200 m breiðu belti milli minjanna.

- Niðurstaða ítarlegs kostamats er að sá kostur að leita annað með staðsetningu fyrir starfsemi fyrirtækisins er illfær.

# Deiliskipulag

*Ábendingar um að stækka skipulagssvæði út fyrir bráðabirgðaveg og út í dýpkunarsvæði, auk ábendinga um gönguleiðir, trjátegundir, áfangaskiptingu framkvæmdar, snið og fleira.*

- Brugðist hefur verið við ábendingum og bætt við skýringaruppdrætti.






Umsagnaraðilar

# Veitur

*Gera athugasemd við að kaldavatnslögn sem liggur um fyrirhugað framkvæmdasvæði lendi í uppnámi.*

- Haft var samráð við Veitur og hefur verið fundin lausn sem felur í sér að kaldavatnslausnin verði færð út fyrir framkvæmdasvæðið




Mynd 1: fyrstu tillögur um færslu á vatnslögn Veitna

# Mat á umhverfisáhrifum

# Álit Skipulagsstofnunar

| ÁHRIF | UMHVERFISÞÆTTIR |
| --- | --- |
| Nokkuð neikvæð, bein og óafturkræf | Landslag og ásýnd, fjörur, botndýralíf*, sjávarbotn, gróður, fuglalíf, |
| Óveruleg | Lífríki sjávar, laxfiska, náttúruminjar, |
| Óvissa | Straumar*, |
| Háð óvissu en líklega óveruleg | Samfélag (hljóð, fok, |

**Mæla með vöktun á gruggmyndun í sjó vegna óvissu um áhrif á lífríki í sjó og vöktun á strandlínu Þerneyjar vegna óvissu um áhrif á strauma.*

ÁHRIF UMHVERFISÞÆTTIR

Verulega neikvæð, bein og óafturkræf ------ Minjar*

*„Skipulagsstofnun telur að útfærsla á framkvæmdasvæði sé til þess fallin að lágmarka beint rask á þeim menningarminjum sem sé að finna á svæðinu.“*

*„Þrátt fyrir að beint rask á minjum verði ekki mikið er það mat Skipulagsstofnunar, með hliðsjón af umsögn Minjastofnunar Íslands og fornleifaskráningu Borgarminjasafns Reykjavíkur að framkvæmdin muni raska þeirri minjaheild sem finna má á vestanverður Álfsnesi og að áhrif á menningarminjar verði verulega neikvæð, bein og óafturkræf. „*

**Telja að í ljósi gildi minja á svæðinu sé sérstakt tilefni til að vinna deiliskipulag fyrir umrætt minjasvæði, með það að markmiði að tryggja verðveislu þeirra minja, eftir því sem kostur er.*

# Afgreiðsla skipulagsbreytinga og umhverfismats

- Formlegar athugasemdir og umsagnir leiða ekki til efnislegra breytinga á auglýstum skipulagstillögum en skipulagsgögn hafa verið lagfærð og uppfærð, sbr. svör og viðbrögð hér að framan.
- Við útgáfu framkvæmdaleyfis þarf að horfa til niðurstöðu úr mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.
- Lagt til að hafin verði undirbúningur að því að skilgreina hverfisvernd fyrir þrjú minjasvæði í grennd við fyrirhugað athafnasvæði Björgunar; Kauphöfn við Þerneyjarsund, Sundakot og Glóru. Það verði gert í tengslum við skipulag Sundabrautar og ákvörðun um endanlega legu brautarinnar
- Fyrirhugað svæði Björgunar liggur á milli minjasvæða í Sundakoti og Glóru og uppbygging þar mun ekki raska þeim minjaþyrpingum. Engin áform eru um stækkun hins skilgreinda iðnaðarsvæðis og er áformað að úthluta lóðinni með þeim skilyrðum.
- Til lengri tíma litið, þegar efnisvinnsla og mannvirki henni tengd víkja af svæðinu, verður mögulegt að þróa svæðið til annarra nota.

# Skipulagstillögur

Lokaafgreiðsla






Deiliskipulag



Deiliskipulag



